



Hvanneyri 12 nóvember 2014

Stutt skýrsla um verkefnið „Skjólbelti framtíðar“ árið 2014.

Unnið var eftir markmiðum og verkáætlun sem sjá má í styrkumsókn. Meginmarkmið verkefnisins er að finna bestu hentugu skjólbeltaþlöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður, þróa heppilegustu samsetningu tegunda í uppbyggingu skjólbelta þannig að þær myndi sem mest vistvæna og sjálfbæra heild, gera fyrirmyndarskjólbelti og miðla upplýsingum um tegundir og fyrirkomulag.

Markmið 1 Unnið hefur verið að skilgreina hlutverk planta í skjólbeltum og þær kröfur til eiginleika sem gerðar eru til hentugra tegunda í ræktun skjólbelta á Íslandi. Rýnt var í ritaðar heimildir m.a. á víðtækri reynslu Dana í þessum efnum en jafnframt annarra þjóða sem og innlendra, unnið er að skýrslugerð.

Unninn hefur verið listi yfir hentugar tegundir, yrki og kvæmi sem birtur verður birtur opinberlega fyrir vorið 2015. Mikilvægt er að benda á að þessi listi gæti breyst eftir því sem verkefninu vindur fram og meiri reynsla kemst á tegundir, yrki og hentugleika þeirra í skjólbeltum.

Markmið 2

Hannað var samsetning tegunda í uppbyggingu skjólbelta þannig að þær myndi sem mest vistvæna og sjálfbæra heild, sem getur orðið fyrirmynd fyrir skjólbeltaræktendur og fagaðila. Eftir þessari hönnun var gert 25 m. langt „fyrirmyndarskjólbelti“ á Hvanneyri rétt við svokallað rannsóknarhús. Ekki reyndist unnt að gróðursetja í 200 m. langt skjólbelti á Hvanneyri eins og var á áætlun vegna tímaskorts og bleytutíðar.

Unnið var að koma á tengslum milli rannsóknaraðila, hagsmunaaðila og ræktenda sem tengjast skjólbeltarækt. Farið var í vettvangsferðir um Borgarfjörð, Suðurland, Húnavatnssýslur, Skagafjörð og Eyjafjörð og viðtöl tekin við nokkra ræktendur og aðra hagsmunaaðila. Formlegt samstarf er hafið við Suðurlandsskóga um val á nokkrum vænlegum tegundum og yrkjum sem settar voru í fjölgun sumarið 2014 af efnivið fengin úr safni Yndisgróðurs á Reykjum. Ræktað var nokkuð magn yrkja tegunda sem ekki er í almennri ræktun, hluti þeirra var gróðursettur í sumar.

Samson Bjarnar Harðarson